



Reykjavíkurborg

Skipulagsfulltrúi

RAUÐHÓLAR

SKIPULAGSLÝSING VEGNA NÝS DEILISKIPULAGS



DAGS. 30. MARS 2020

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILSKIPULAGS.....	2
STAÐSETNING OG AFMÖRKUN.....	3
UMHVERFI OG STAÐHÆTTIR – NÚVERANDI ÁSTAND.....	4
HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ.....	5
TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR, DEILSKIPULAG	6
UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR	8
SKIPULAGSFERLIÐ	8
SAMRÁÐS- OG UMSAGNARAÐILAR	9

INNGANGUR

Í skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulags hefst skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hverjar séu áherslur hennar við deiliskipulagsgerðina.

Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæði Rauðhóla. Skipulagssvæðið er innan borgarhluta Árbæjar og stendur til að gera nýtt deiliskipulag fyrir verndarsvæðið, auk lítillega stærra svæði í jaðri þess. Rauðhólar hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974 og er stærð fólkvangsins um 1,3 km². Stærð og nánari afmörkun skipulagssvæðisins verður ákveðin í deiliskipulagi.

Fólkvangar eru stofnaðir á grundvelli þeirra sjónarmiða að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Samhliða skipulagsvinnunni er Umhverfisstofnun að vinna stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Rauðhóla af samstarhópi um fólkvanginn. Áætlunin er hugsuð sem stjórnæki til að móta framtíðarsýn og leggja fram stefnu um verndun fólkvangsins og hvernig viðhalda skuli verndargildi hans.



Mynd 1. Rauðhólar.

AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Fyrir nokkrum árum var í gangi vinna við deiliskipulag Heiðmerkursvæðis, Rauðhólar voru m.a. innan afmörkunar þess. Það skipulag kláraðist ekki og vinna við það hefur ekki verið tekin upp að nýju. Í ljósi þeirrar vinnu sem stendur yfir samhliða varðandi stjórnunar- og verndaráætlun

Rauðhóla þá hefur verið ákveðið að vinna deiliskipulag fyrir svæðið til að geta fest í sessi ýmsar æskilegar aðgerðir hvort sem lúta að umhirðu, rekstri eða framkvæmdum sem tryggja betur verndun svæðisins. Jafnframt því þarf að skilgreina eigendahlutverk fyrir svæðið, en fólkvangurinn Rauðhólar eru hluti af jörðinni Elliðavatn.

Samkvæmt 52. gr. laga um náttúruvernd er hægt að friðlýsa svæði sem fólkvangur að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags. Fólkvangur er friðlýst landsvæði til útivistar og almenningsnota. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Þegar Rauðhólar voru friðaðir sem fólkvangur árið 1974 þá átti Reykjavíkurborg jörðina Elliðavatn og þar með Rauðhóla, en þegar Orkuveitan var stofnuð þá rann jörðin Elliðavatn inn í eignasamsteypu þess og sá hluti Heiðmerkur sem tilheyrði Elliðavatni ásamt Rauðhólum var því ekki lengur eign borgarinnar. Það var ekki skoðað sérstaklega hvort eða þá hvaða þýðingu það hefði að fólkvangurinn væri ekki lengur í eigu Reykjavíkurborgar sem þó stóð að stofnun hans á sínum tíma.

Skoða þyrfti hvort Rauðhólar ættu frekar að verða eign Reykjavíkurborg heldur en Orkuveitunnar. Samkvæmt 83.gr. laga um náttúruvernd annast sveitarfélög umsjón og rekstur fólkvanga og bera allan kostnað af rekstri og umsjón. Umsjón og rekstur fólkvangsins Rauðhóla er því í höndum Reykjavíkurborgar. Í gildi er þjónustusamningur á milli Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélags Reykjavíkur sem felur meðal annars í sér að sér Skógræktarfélagið sjái um reglulegt eftirlit á Rauðhólasvæðinu. Umhverfisstofnun fer með eftirlits- og leyfishlutverk fyrir friðlýst svæði samkvæmt lögum um náttúruvernd.

STAÐSETNING OG AFMÖRKUN

Deiliskipulagssvæðið er Rauðhólar og aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brúnna að Helluvatni. Fólkvangurinn sjálfur er um 1,3 km² að stærð, svæðið er u.þ.b. 1 km austan við byggðina í Norðlingaholti. Mörk fólkvangsins markast að mestu leyti af áni Bugðu sem rennur við norður, norðaustur, norðvestur og vestur hluta svæðisins. Við Heiðmerkurveg fylgja mörkin línu sem dregin er um 200 metra austur af veginum. Þaðan er dregin lína sem nær um 800 metra til suðurs og suðvesturs þar til komið er yfir brúnna yfir Suðurá. Ákveðið hefur verið að stækka skipulagssvæðið lítillega út fyrir mörk fólkvangsins til að afmarka Heiðmerkurveg sem hluta af skipulaginu og þá sem fyrr segir yfir brúnna að Helluvatni.



Mynd 2. Afmörkun skipulagssvæðis.

UMHVERFI OG STADHÆTTIR – NÚVERANDI ÁSTAND

Frá Þjóðvegi 1 liggur Heiðmerkurvegur um Rauðhóla og við hann eru 3 merkt bílastæðahólf fyrir gesti fólkvangsins og frá þeim stæðum liggja göngustígar um svæðið.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins sækja töluvert inn á svæðið til að stunda útivist, t.a.m. í göngu- reið- og hjólaferðir. Nálægð hesthúsa í Víði- og Almannadal auka reiðumferð umtalsvert á svæðinu en hestamenn ríða frá hesthúsaahverfunum, ýmist sér til yndisauka eða ferðarþjónustu, og liggur leið þeirra oft í gegnum fólkvanginn. Í næsta nágrenni við Rauðhóla eru vatnstökusvæðin Gvenndarbrunnar, Myllulækjarsvæði og Vatnsendakriki sem eru helstu vatntökusvæði neysluvatns fyrir höfuðborgarsvæðið.

Á svæðinu finnast votlendi sem einkennast af starungsmýravist. Þá má auk þess finna grasengjavist, lyng- og mosahraunavist og alaskalúpínu. Auk þess er að finna í nokkru mæli hraunlendi á svæðinu. Náttúrulega framvindu gróðurs má sjá á þeim svæðum hólanna sem orðið hafa fyrir raski, en þau svæði einkennast aðallega af birki og víði sem breytt hefur úr sér frá nærliggjandi sumarbústaðalöndum. Á minna röskuðum hólum hafa grös og mosar breytt úr sér.

Ríkt fuglalíf er á svæðinu. Á vorin verpa ýmsar fuglategundir á votlendinu við ána Bugðu. Ber þá meðal annars að nefna hrossagauka, þúfuttlinga, endur, heiðlóu, spóa, stelk, maríuerlu, gæsir, jaðrakan, stelka og kríur. Reglulega sést til rjúpnna í Rauðhólum. Auk þess hefur orðið vart við smyrl, fáka, ref og mink í Heiðmörk, en ekki er þekkt að þessi dýr hafi átt óðal á Rauðhólum.

Rauðhólar eru gervígígar sem mynduðust fyrir um 4.500 árum. Hraunið var þunnfljótandi og þegar það komst í snertingu við vatn í Elliðavatni urðu gufusprengingar svo hraunið tættist í sundur og upp hlóðust gjallgígar. Rauðhólar þykja mjög jarðfræðilega merkilegir sökum þess að gervígígarnir eru afar sjaldgæfar jarðminjar á heimsvísu en þó er að finna fleiri gervígígabyrpingar á Íslandi.

HELSTU VIÐFANGSEFNI OG MEGINMARKMIÐ

- Skilgreina aðalleiðir gangandi, hjólandi og ríðandi vegfarenda um svæðið.
- Skilgreina akstursleiðina um Heiðmerkurveg og skoða hvort bæta eða færa þurfi tengingu inn í átt að Heiðmörk.
- Skilgreina fjölda bílastæða við svæði Rauðhóla og upphafstaði fyrir útivist á svæðinu.
- Skoða hvort eða hvernig eigi að tengja græna stíginn um svæðið, sem á að liggja innan græna trefilsins og tengja saman í samvinnu við hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.
- Gera þarf fornleifaskráningu fyrir svæðið og húsakönnun ef þess þarf í samvinnu við Borgarsögusafn.
- Kortleggja helstu náttúruminjar, s.s. jarðminjar og vistgerðir og meta verndargildi þeirra og skilgreina verndarskilmála eftir þörfum.
- Hafa í huga að svæðið er á skilgreindu vatnsverndarsvæði og nálægt brunnsvæði.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR


Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eru Rauðhólar skilgreindir sem opið svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar. Rauðhólar eru jafnframt innan hins svokallaða græna trefils borgarinnar, sem myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Græni trefillinn er samfelt skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar- og ósnortinna náttúrusvæða.

Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Heimilt er að reisa innan græna trefilsins byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistarog frístundiðju. Skýrt skilyrði er að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu.

Í aðalskipulagi eru Rauðhólar jafnframt með nánari skilgreiningu útivistar; OP13 Rauðhólar en þar segir; „Handan við Bugðu er gróskumikið votlendi með gulvíðibrúskum. Það er á áhrifasvæði árinna og tilheyrir friðlandinu í Rauðhólum. Rauðhólar eru

Þyrping gervígiga við suðausturjaðar Reykjavíkur og tilheyrja Heiðmörk. Gervígigarnir mynduðust fyrir um 4600 árum þegar Elliðaárhraun rann. Upphaflega voru þeir 80 talsins en fækkaði á 20. öld sökum efnistöku. Mestur hluti efnisins var nýttur í Reykjavíkurlugvöll á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari“.



Mynd 3. Landnotkun skv. Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR, DEILISKIPULAG


Um þessar mundir stendur yfir undirbúningur vegna fyrirhugaðra framkvæmda við tvöföldun Suðurlandsvegur frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Drög að tillögu að matsáætlun voru kynnt almenningi árið 2019 og tillaga að matsáætlun hefur verið lögð fram til meðferðar Skipulagsstofnunar í samræmi við lög nr. 106/2000, og tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar. Beðið er athugasemda frá Skipulagsstofnun. Í kjölfarið mun vera unnin tillaga að deiliskipulagi fyrir tvöföldunina.

Vegagerðin, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ, áforma að tvöfalda Suðurlandsveg frá vegamótum við Bæjarháls að Hólmsá. Lagður verður 2+2 vegur og tengingum fækkað frá því sem nú er. Byggð verða þrenn mismislag vegamót. Gerðir verða nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi allra fararmáta og tryggja greiðari umferð um Suðurlandsveg. Vegurinn verður byggður í allt að fimm áföngum.

Í áföngum 1 og 2 verður vegurinn tvöfaldaður án mislægra vegamóta. Ný akbraut verður lögð austan núverandi vegar, aðlaga þarf tengingar mislægra vegamóta við Bæjarhál og tengingar við hringtorg við Breiðholtsbraut. Við vegamót Breiðholtsbrautar er landrými takmarkað og einnig er þengt að vegsvæði við Rauðavatnsskóg. Á þeim vegkafla verður byggður vegur með þröngu vegsniði, tvöfalda þarf hringtorg við Norðlingavað.

Suðurlandsvegur liggur síðan á bökkum Bugðu (Hólmsár) austan Norðlingaholts á svæði sem að stórum hluta hefur verið raskað með ýmsum framkvæmdum. Tenging við Heiðmörk verður aðlöguð. Lögð verður áhersla á að raska ekki ánni og árbakkanum og því verður vegurinn tvöfaldaður til suðurs eftir að vegurinn þverar Bugðu (Hólmsá) og aftur verður yfirfærsla og breikkun til norðurs þegar farið verður yfir ána í annað sinn.

Í áföngum 3 til 5 verða mislæg vegamót byggð við öll vegamótin á kaflanum nema við Heiðmerkurveg. Um er að ræða þrenn mislæg vegamót þ.e. við Breiðholtsbraut, við Norðlingavað og við Hafravatsveg.



Mynd 4. Yfirlitsmynd af athugunarsvæði við tvöföldun Suðurlandsvegur.

Framkvæmdin er matskyld skv. tl. 10.07 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Árið 2009 gerði verkfræðistofan EFLA tillögu að matsáætlun vegna breikkunar Suðurlandsvegur sem var samþykkt af Skipulagsstofnun. Í kjölfarið var gerð frummatsskýrsla og nauðsynlegar rannsóknir tengdar þeirri vinnu voru framkvæmdar. Ekki var farið út í framkvæmdir á þessum tíma og því var frummatsskýrsla ekki send til Skipulagsstofnunar.

Í tillögu að matsáætlun sem liggur fyrir er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst og fjallað um umfang og áherslur umhverfismatsins. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða til skoðunar í matinu. Þeir eru landnotkun, gróðurfar og vistlendi, fuglalíf, landslag og ásýnd, menningarminjar, hljóðvist og samgöngur. Í matsáætlun er jafnframt tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við gerð matsins, hvaða rannsóknir hafa farið fram eða eru fyrirhugaðar vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNAR

Ekki hefur verið unnið umhverfismat fyrir svæðið og fellur fyrirhugað deiliskipulag ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Ekki er búist við að til framkvæmda komi innan skipulagssvæðisins sem tilgreind eru í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, viðauka 1 eða 2. Unnin verður umhverfisskýrsla samhliða deiliskipulaginu, þar sem gert verður grein fyrir áhrifum þess á umhverfið. Meðal umhverfisþátta sem verða skoðaðir eru:

- Landslag og ásýnd
- Náttúru- og menningarminjar
- Vistkerfi og landgæði
- Útivistaráhrif
- Samfélagsleg og félagsleg áhrif

SKIPULAGSFERLIÐ

Tímasetning helstu verkátanga og kynninga fyrir almenning:

Apríl 2020	Lýsing samþykkt til auglýsingar í Skipulags- og samgönguráði og Borgarráði og í framhaldinu gerð aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.
Mái 2020	Lýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila
Júní 2020 - Ágúst 2020	Deiliskipulagstillaga unnin.
September 2020	Deiliskipulagstillaga afgreidd og samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa, fundi Skipulags- og samgönguráðs og borgarráðs.
September 2020 - Október 2020	Deiliskipulagstillaga kynnt og auglýst.
Nóvember 2020	Athugasemdum svarað, svörin afgreidd í Skipulags- og samgönguráði
Nóvember 2020	Svör tekin fyrir í borgarráði.
Desember 2020	Tillaga send Skipulagsstofnun.
Janúar 2021 - Febrúar 2021	Tillaga auglýst í B-deild Stjórnartíðinda, skipulag tekur gildi.

SAMRÁÐS- OG UMSAGNARADILAR

Skipulagsstofnun

Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun

Minjastofnun Íslands

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Framkvæmdastjórn um Vatnsvernd Höfuðborgarsvæðisins

Vegagerðin

Hestamannafélagið Fákur

Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

OR/Veitur

Skógræktarfélag Reykjavíkur